

Matvælaráðuneyti
b.t. Bryndísar Hlöðversdóttur, ráðuneytisstjóra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2024
Tilv.: 2409023

Efni: Umsögn um drög að frumvarp á samráðsgátt til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, sbr. mál nr. S-189/2024 (gagnsæi og tengdir aðilar).

1. Vísað er til draga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem Matvælaráðuneytið kynnti á samráðsgátt stjórnvalda þann 24. september sl., sbr. mál nr. S-189/2024. Samkeppniseftirlitið hefur áður veitt umsagnir um sambærileg frumvarpsdrög þar sem fjallað er um breytingar á hugtökunum yfirráð og tengdir aðilar í skilningi laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Síðast veitti Samkeppniseftirlitið [umsögn](#) um málefnið með bréfi, dags. 17. janúar 2024, og er þar jafnframt vísað til fyrri umsagna. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsdraganna og telur að mikilvægt að skilgreiningu fiskveiðistjórnunarlaga á hugtakinu yfirráð verði breytt til samræmis við skilgreiningu hugtaksins í samkeppnislögum nr. 44/2005, sbr. nánari umfjöllun í fyrri umsögnum. Þá ættu ákvæði draganna um gagnsæi og söfnun upplýsinga að auðvelda samstarf stofnana ríkisins á þessu sviði.
2. Í frumvarpinu er vísað til þess að Samkeppniseftirlitið hafi undanfarin misseri stefnt að heildstæðri úttekt á eigna- og stjórnunartengslum í sjávarútvegi á grundvelli lögbundins hlutverks eftirlitsins. Rétt er að í október 2022 hóf Samkeppniseftirlitið sérstaka athugun sem átti að miða að því að kortleggja stjórnunar- og eignatengsl sjávarútvegsfyrirtækja, en eftirlitið hafði um nokkurt skeið talið nauðsynlegt að ráðast í slíka athugun. Athugunin byggði á d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, en samkvæmt ákvæðinu er eitt af hlutverkum Samkeppniseftirlitsins að fylgjast með „*þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja.*“ Ætlunin var að setja niðurstöður þeirrar athugunar fram í sérstakri skýrslu í lok árs 2023. Hafði Samkeppniseftirlitið gert samning við matvælaráðuneytið sem tryggði fjármagn til verkefnisins.
3. Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2023 komst nefndin hins vegar að þeirri niðurstöðu að það samræmdest ekki því hlutverki sem Samkeppniseftirlitinu er fengið í samkeppnislögum sem sjálfstæðs stjórnvalds að gera sérstaka samninga við stjórnvöld um einstakar athuganir. Að gengnum þeim úrskurði leit Samkeppniseftirlitið svo á að forsendur væru brostnar fyrir umræddum samningi Samkeppniseftirlitsins við matvælaráðuneytið og felldi rannsóknina niður. Samhliða kynnti Samkeppniseftirlitið að það hefði í hyggju að hefja nýja athugun á stjórnunar- og eignatengslum sjávarútvegsfyrirtækja. Sú athugun er hins vegar ekki hafin þar sem eftirlitið hefur sætt aðhaldskröfu og hefur ekki tekist að afla fjárheimilda eða skapa að öðru leyti svigrúm sem gerir því kleift að ráðast í svo viðamikil verkefni.



Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Magnús Þór Kristjánsson